

Landsyfirréttardómar 1908.

Mánudaginn hinn 10. febrúarmánaðar.

Nr. 44/1907.

Halldór bæjarfógeti Danielsson
gegn
Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfryjandinn bæjarfógeti í Reykjavík Halldór Danielsson fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn stefnda húsmanni í Reykjavík Sigurði Jónssyni frá Fjöllum, fyrir meiðyrði í grein með fyrirsögninni: »Bæjarfógetaskrifstofan«, í blaðinu Reykjavík, er út kom 23. febr. f. á, en nafn stefnda stendur undir grein þessari. Var málið dæmt í nefndum rétti hinn 15. ágústmán. f. á. þannig, að stefndi var samkvæmt 217. gr. sbr. 218. gr. og 219. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í 150 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 40 daga einfalt fangelsi, og öll hin átöldu ummæli um áfryjandann í téðri grein voru dæmd dauð og ómerk. Svo var og stefndi dæmdur til að greiða áfryjanda í málskostnað 30 krónur.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 26. okt. síðastl., og hefir hann

krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 1. nóvember síðastliðinn og krafist að verða sýknaður algjörlega í málinu og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Þar sem stefndi loks hefir krafist þess, að yfirdómararnir Kristján Jónsson og Jón Jensson víki úr dómarsæti í máli þessu, sakir þess að þeir hafi borið vitni í því fyrir undirrétti, þá er þess að geta, að yfirdómarar þessir voru að vísu kallaðir til sem vitni af stefnda hálfu meðan málið var fyrir bæjarþingsréttinum, en með því þeim var alls ókunnugt um það, er stefndi krafði þá vitnis um og gátu því ekkert vitni borið í málinu, er engin ástæða til þess að þeir víki sæti í máli þessu.

Umæli þau í fyrnefndri grein, sem átalín eru sérstaklega af áfrýjanda sem ærumeiðandi fyrir hann, eru þessi: »framhald á vanrækslufullri, óreglusamri starfsemi á skrifstofu bæjarins« — »hvort það sé ekki skjalfölsun að breyta stærð lóðarinnar í bókunum« — »úr því það (afsalið) sé athugasemdalaust, þá bendi alt á að breytingin sé gjörð eftir þinglestur skjalsins« — »þekkingarleysi ómentaðra manna á að ganga ríkt eftir rétti sínum getur þannig orðið skrifstofunni skálkaskjól, svo hún í næði getur vanrækt að gefa einstæðingunum grundvallarskilyrðin fyrir því að geta haldið eign sinni« — »Fleira mætti satt segja um vanrækslu, hirðuleysi og athugaverða bókfærslu á skrifstofu bæjarfógetans, ef lögum vorum væri ekki þannig háttað, að oft verður satt kyrt að liggja«.

Með framangreindum ummælum, í því sambandi

sem þau standa í hinni átöldu grein, er það borið á áfryjandann, að hann stjórnir svo skrifstofu sinni, að þar eigi sér stað hin mesta óregla og vanræksla (vanrækslu-full og óreglusöm starfsemi), svo að réttindum manna sé mesta hættu búin, og það er gefið fyllilega í skyn, að skjalafölsun hafi jafnvel átt sér þar stað.

Að því er snertir áburðinn um óreglu og vanrækslu á skrifstofunni og athugasemjagæðu bókfærslu, hefir stefndi reynt að sanna það með umfangsmiklum vitnaleiðslum og ýmsum gögnum, að ummæli hans séu á rökum byggð. En þó að það hafi orðið upplýst á þennan hátt eða fyrir það að áfryjandi hefir kannast við það að fyrri bragði, að misfellingur hafi stöku sinnum komið fyrir á starfsemi skrifstofunnar eða mönnum þar hafi yfirsétt á einhvern hátt, svo sem í útgáfu veðbókarvottorða eða innheimtu gjalda, sem innheimt eru þar svo þúsundum skiftir á ári hverju, þá gat slíkt á engan hátt heimilað stefnda að kveða upp almennan áfellingisdóm yfir starfsemi skrifstofunnar og stjórn áfryjanda á henni, eins og gjört er með hinum átöldu ummælum, en ummælin eru mjög meiddandi fyrir áfryjandann sem embættismann og rýrandi álit hans sem embættismanns, því fremur sem ólag það á skrifstofunni, sem lýst er í greininni, er þar beinlínis kent áfryjanda sjálfum, með því að það er talin afleiðing af því, að áfryjandi fyrir áskorun bæjarbúa hætti við lausnarbeiðni frá embættinu og sat kyr í því áfram. Viðvikjandi aðdróttuninni um skjalafölsun, þá er til efnið til ummællanna í greininni það, að í fundargjörð einni í byggingarnefndarþóki 7. desbr. 1901, er stærð nokkurra lóða við Grettisgötu, er þá voru útmældar, bókuð svo, að ritað er ofan í tölurnar og þeim breytt úr 25 X

45 álnir í 25×40 álnir. Eftir að áfrýjandi hefir skýrt frá hvernig og hvenær þessi breyting hafi verið gjörð, að hún hafi verið fullkomlega réttmæt og á löglegan hátt gjörð, hefir stefndi, sérstaklega fyrir yfirdóminum, að eins fært það sér til varnar, að hann hafi í greininni eigi skýrt frá öðru en því, er annar maður, eigandi einnar lóðarinnar, er stærðin var breytt á í bókinni, hefði skýrt honum frá, og haft eftir honum hvað hann hugsaði um breytinguna, án þess að gera það að sínum orðum eða sínu álitu. En þetta getur ekk orðið stefnda til afsökunar eða réttlætningar, enda notar hann aðdróttunina í greininni til þess að styðja með henni árás sína á skrifstofu áfrýjanda og embættisfærslu hans og gerir hana þannig að sinni eigin og verður að bera ábyrgð á henni.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það að öll framangreind átalín ummæli stefnda um áfrýjanda í téðri grein eru í bæjarþingsdóminum dæmd dauð og ómerk, og verður stefndi að sæta sekt fyrir þau til landsjóðs samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, er þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 150 kr. eða til vara 40 daga einfalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, verður hann að öllu leyti staðfestur. Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda að greiða með 20 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Stefndi Sigurður Jónsson (frá Fjöllum) greiði í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.